

Íbúafundur í Hrísey

26. mars 2014

Áhugahópurinn

- Áhugahópurinn hefur starfað frá því um miðjan ágúst 2013.
- Fyrstu fundir hópsins voru auglýstir öllum íbúum Hríseyjar og öllum boðið að taka þátt.
- Tilgangur hópsins var og er að vinna að því að gera gott samfélag enn betra og vekja fólk til umhugsunar um hvað við höfum í Hrísey.
- Með óbilandi trú á framtíð Hríseyjar að leiðarljósi hefur hópurinn lagt þessa vinnu að mörkum.

Áhugahópurinn hefur starfað frá því um miðjan ágúst 2014 og hefur unnið alla sína vinnu í sjálfboðavinnu frá þeim tíma. Hópurinn vill ýta undir jákvæðni með því að vera sjálf jákvæð, taka þátt í og hvetja til jákvæðrar umræðu og vekja athygli annarra á því hve gott það er að vera í Hrísey og Á fyrstu fundum hópsins var strax rætt um að halda íbúafund sem var ákveðið að kalla málþing. Samhliða því var könnunin sett af stað en þar sem 100 manns voru búnir að svara henni áður en málþingið var haldið voru fyrstu niðurstöður hennar kynntar á sjálfu málþinginu. Þar tókum við saman nokkrar niðurstöður og punkta sem okkur þóttu vera áhugaverðir. Strax eftir málþingið hófst vinna við að skrá inn í tölvur og flokka allar þær hugmyndir sem skrifaðar voru niður á miða á málþinginu. Skiptum við yfirflokkum málþingsins með okkur og voru 2-3 saman með hvern flokk.

Áhugahópurinn

- Hópurinn hefur að jafnaði fundað vikulega. Einnig hafa verið haldnir nokkrar vinnudagar um helgar þar sem við höfum getað unnið í lengri tíma í einu en á kvöldin.
- Samantekt hugmynda málpings og könnunar tímafrek
- Hópurinn vill vinna með íbúum að því að gera Hrísey að enn betri stað til að búa á og gera fjölskyldum kleift að búa og starfa hér um ókomna tíð.

Hópurinn hefur að jafnaði fundað vikulega en einnig hafa verið haldnir nokkrar vinnudagar um helgar þar sem við höfum getað unnið í lengri tíma í einu en á kvöldin.

Vinnan við samantekt allra hugmynda og athugasemda málpings og könnunar, sem nú hefur verið gefin út í skýrslu, var vægast sagt tímafrek.

Samhliða þeirri vinnu voru ýmis mál könnuð og samband haft við ýmsa aðila og fyrirtæki. Var það meðal annars gert til að kanna nánar hugmyndir sem fram komu á málpinginu.

Hópurinn vill vinna með íbúum að því að gera Hrísey að enn betri stað til að búa á og gera fjölskyldum kleift að búa og starfa hér um ókomna tíð.

Staða

- Mikil fólksfækkun í Hrísey undanfarin ár og atvinnulífið ekki staðið nægjanlega styrkum fótum.
- Mikilvægt er að horfa til framtíðar og þess sem koma skal og við getum haft stjórn á en ekki til þess sem liðið er og við fáum ekki breytt.
- Grípa þarf þau tækifæri sem bjóðast til þess að snúa þróuninni við, margt smátt gerir eitt stórt.

Mikil fólksfækkun hefur átt sér stað í Hrísey undanfarin ár og atvinnulífið hefur ekki staðið nægjanlega styrkum fótum.

Þessi staða ásamt óbilandi trú okkar á því fallega samfélagi sem að þrífist hefur hér í Hrísey er ástæða þess að við sem hópur lögðum af stað í þessa vinnu.

Mikilvægt er að horfa til framtíðar og þess sem koma skal og við getum haft stjórn á en ekki til þess sem liðið er og við fáum ekki breytt. Framtíðarsýnin þarf að vera skýr og við þurfum öll sem eitt að leggja okkar lóð á vogarskálarnar því að sameinuð stöndum við og sundruð föllum vér.

Við getum með þeim krafti og þeirri áræðni sem í okkur býr náð langt og búið okkur og afkomendum okkar það samfélag sem að við viljum okkur og öðrum til handa.

Grípa þarf þau tækifæri sem bjóðast til þess að snúa þróuninni við, margt smátt gerir eitt stórt.

Margar jákvæðar hugmyndir komu fram á málþinginu í öllum flokkum og er það auðlind sem vinna má úr til framtíðar. Fram kemur mikill vilji hjá utanaðkomandi aðilum á því að flytja til Hríseyjar og þegar við leggjum saman

Það fólk, þær hugmyndir sem komu fram og núverandi íbúa þá eigum við bjarta framtíð. Við megum aldrei gleyma því.

Málþingið

- Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman.
- Málþingið var haldið með þjóðfundarsniði. Í lok málþingsins voru niðurstöður hvers hóps kynntar í stuttu máli.

Þann 14. september hélt hópurinn málþing um framtíð Hríseyjar í Íþróttamiðstöðinni þar sem rúmlega 60 manns komu saman.

Málþingið var haldið með þjóðfundarsniði. Í lok málþingsins voru niðurstöður hvers hóps kynntar í stuttu máli.

Málþingið

Þær grunnspurningar sem unnið var með á málþinginu voru eftirfarandi:

- Hvaða grunngildi eiga að einkenna Hrísey?
- Á hvað á að leggja áherslu í atvinnumálum, byggðapróun og samgöngum?
- Á hvað á að leggja áherslu í sambandi við þjónustu við íbúa, í heilbrigðismálum og umhverfismálum?
- Á hvað á að leggja áherslu í ferðaþjónustu, varðandi sumarhús og afþreyingu?

Þær grunnspurningar sem unnið var með á málþinginu voru eftirfarandi:

- Hvaða grunngildi eiga að einkenna Hrísey?
- Á hvað á að leggja áherslu í atvinnumálum, byggðapróun og samgöngum?
- Á hvað á að leggja áherslu í sambandi við þjónustu við íbúa, í heilbrigðismálum og umhverfismálum?
- Á hvað á að leggja áherslu í ferðaþjónustu, varðandi sumarhús og afþreyingu?

Grunngildi



Grunngildi

Niðurstöður úr grunngildahópnum tengdust helst samfélaginu, kyrrð, náttúru og heilbrigði.

- Halda sérstöðu eyjunnar í bland við nútímaþægindi.
- Vinna að meiri vottunum og setja meiri kraft í umhverfisvitund.
- Hlúa vel að því sem er til staðar í Hrísey og hvetja til jákvæðni með því að tala fallega um eyjuna okkar og íbúa hennar.

Niðurstöður úr grunngildahópnum tengdust helst samfélaginu, kyrrð, náttúru og heilbrigði.

- Halda sérstöðu eyjunnar í bland við nútímaþægindi.
- Vinna að meiri vottunum og setja meiri kraft í umhverfisvitund.
- Hlúa vel að því sem er til staðar í Hrísey og hvetja til jákvæðni með því að tala fallega um eyjuna okkar og íbúa hennar.

Grunngildi

- Í Hrísey er að mestu ósnortin náttúra með miklu fuglalífi og afslöppuðu andrúmslofti.
- Mikilvægt að halda sem lengst í það t.d. væri hægt að skipta út mengandi bílum fyrir rafbíla, gera Hrísey að fuglaverndarsvæði og gera sögu og jarðfræði eyjarinnar betri skil.
- Auka sérstöðu Hríseyjar í heilsuefningu, hollustu, hamingju og hreysti.

- Í Hrísey er að mestu ósnortin náttúra með miklu fuglalífi og afslöppuðu andrúmslofti.
- Mikilvægt að halda sem lengst í það t.d. væri hægt að skipta út mengandi bílum fyrir rafbíla, gera Hrísey að fuglaverndarsvæði og gera sögu og jarðfræði eyjarinnar betri skil.
- Auka sérstöðu Hríseyjar í heilsuefningu, hollustu, hamingju og hreysti.

Atvinnumál og byggðapróun

Landbúnaður

- Gæðavottun afurða vegna hreinleika eyjarinnar.
- Ylrækt og gróðurhúsaræktun.
- Svepparækt
- Stækka nautabúið
- Hænsnabú
- Matjurtarækt
- Rabbabararækt.
- Berja og jurtatínsla.
- Þurrkun og vinnsla á hvönn, kerfli, þangi og fleiri jörtum

Landbúnaður

Störf tengd landbúnaði voru nefnd í tengslum við atvinnuuppbyggingu í Hrísey. Nokkrar hugmyndanna varðandi ræktun og landbúnað gætu skapað umhverfisvæn störf sem falla vel að þeirri sérstöðu sem Hrísey hefur skapað sér sem vistvæn og sjálfbær eyja.

Hægt væri að nýta sér umhverfið, hreinleika og náttúrufegurð til markaðssetningar ásamt áherslu um vistvænar afurðir. Í eyjunni er nægt rafmagn og nóg af heitu og köldu vatni svo hægt er að fara í ýmsa ræktun t.d. í gróðurhúsum eða ylrækt. Nefnt var að tína villta sveppi og þurrka þá eða fara út í svepparækt, en töluverð eftirspurn er eftir þurrkuðum sveppum.

Ýmsar vangaveltur voru uppi um nautabúið hér í Hrísey, meðal annars hvort hægt væri að fjölga gripum, vera með mjólkurkúr og geta þannig unnið og selt osta og aðrar mjólkurvörur.

Einnig var rætt um hæsnabúið í tengslum við lífrænan landbúnað og hamingjusamar frjálssar hænur.

Hægt væri að taka þá matjurtargarða sem eru í eyjunni á næsta stig og rækta kartöflur, rófur, gulrætur og fleiri tegundir til að selja.

Rækta mætti vottaðan rabbarbara og fullvinna afurðina eða selja ferskan og þá geta berin skapað verðmæti, hvort sem þau eru seld fersk, sultuð, þurrkuð eða fryst.

Rætt var um að halda áfram þurrkun og vinnslu á hvönn og kerfli og hvort prófa mætti að þurrka fleiri jurtir.

Smáíðnaður

- Framleiðsla á heilsuvörum sem unnar eru úr gróðri eyjarinnar.
 - hvannarótarbrennivín, lúpínuseyði, lyf og sápur.
- Rækta sjávarfang
 - Ígulker, krabbar, kræklingur.

Rætt var um að framleiða heilsuvörur unnum úr gróðri eyjarinnar, til dæmis krem, hvannarótarbrennivín, lúpínuseyði, lyf og sápur.

Einnig um ræktun eða nýtingu sjávarfangs (ígulker, krabba og krækling)

Heilsustofnun

- Gera út á sérstöðu Hríseyjar
 - kyrrð, orka, hreina loftið, einangrun, matvæli
- Ýmsir hópar nefndir
 - Skammtíavistun fyrir fatlaða
 - Sumarbúðir
 - Endurhæfing
 - Meðferðastarf
 - Eldri borgarar eða öryrkjar
- Störf fyrir fólk úr heilbrigðisgeiranum

Heilsustofnun

Margar hugmyndir tengdust því að setja á fót einhverskonar heilsustofnun í eyjunni þar sem gert yrði út á sérstöðu Hríseyjar með tilliti til kyrrðarinnar, orkustöðvarinnar, hreina loftsins, einangrunarinnar og matvæla úr heimabyggð. Ýmsir hópar voru nefndir sem mögulega gætu nýtt sér slíka þjónustu og væri hægt að útfæra ýmist sem skammtíma- eða langtímadvöl.

- Skammtíavistun fyrir fatlaða
- Barnastarf af ýmsu tagi, svo sem sumarbúðir
- Endurhæfing af einhverju tagi svo sem umönnun fyrir þá sem þurfa á tímabundinni aðhlynningu að halda,
- Dagskrá fyrir eldri borgara eða öryrkja, til dæmis með áherslu á hreyfingu og útivist.

Með því að bjóða upp á fjölbreytta þjónustu fyrir margskonar mismunandi hópa væri mögulega hægt að búa til störf á heilsársgrundvelli og hugsanlega störf

fyrir starfsfólk úr heilbrigðisgeiranum, svo sem iðjuþjálfara, hjúkrunarfræðinga og sjúkraþjálfara.

Fjarvinnsla

- Mörg störf hægt að vinna í fjarvinnu
 - Vefhönnun
 - Netþjónusta
 - Umsjón vefmála
 - Símaþjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir.
 - Gagnaskráning
 - Innheimta
- Fjarvinnu- og fjarnámssetur
- Stefna hugbúnaðarhús með starfsstöð í Hrísey
- Samstarf við símafyrirtæki um að opna útibú

Fjarvinna

Bent var á þá ónýttu möguleika sem felast í fjarvinnu og þar sem mörg störf eru þess eðlis að mögulegt er að sinna þeim hvaðan sem er með því að vinna þau yfir internetið. Nefnd voru störf við rafræna fræðslu, þjónustuver fyrir opinberar stofnanir, netþjónustu, umsjón vefmála, vefhönnun, listamenn, hönnuði, símsvörun, innheimtu, gagnaskráningar og hvers kyns skrifstofuvinnu þar sem fjarvinna er möguleg. Nettengingin í Hrísey í dag býður upp á að vinna ýmis störf í fjarvinnu en með tilkomu ljósleiðara gæti þeim störfum fjölgað enn frekar.

Síðasta haust var opnað fjarvinnu- og fjarnámssetur í Hlein í samstarfi við Akureyrarbæ. Þar er Stefna hugbúnaðarhús á Akureyri með starfsstöð þar sem vinnur einn starfsmaður.

Þess má til gamans geta að undanfarnar vikur hafa staðið yfir viðræður við tvö

fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu um að opna útibú hér í Hrísey, en í báðum þessum fyrirtækjum er unnið við fjölbreytt sölu- og þjónustuverkefni í gegnum síma.

Unnið er að því að koma upp aðstöðu fyrir þessa starfsemi í samstarfi við fyrirtækin og í gær var hengd upp auglýsing þar sem auglýst var eftir starfsfólki.

Aðrar hugmyndir

- Heimilishjálp fyrir eldri borgara.
- Fugla - fiska safn.
- Háskólasetur
- Lýðháskóli
- Sjávarþorp upp á gamla mátann.
- Víngerð.
- Vindmyllur og sólarrafhlöður til að gera eyjuna sjálfbærari.
- Þróunarfélag sem leitar uppi tækifæri fyrir samfélagið

Ýmsar hugmyndir

Rætt var um að fá Akureyrarbæ í lið með okkur um að bjóða öldruðum upp á „reynslutíma“ á heimilishjálp, því atvinna myndi skapast af því ef eldri borgarar í Hrísey myndu nýta sér heimilishjálp sem þeim stendur til boða.

- Hugmynd var um að setja á laggirnar fugla- og fiskasafn
- Fram komu hugmyndir um háskólasetur
- Lýðháskóla sem brú milli framhaldsskóla og háskóla.
- Uppbygging sniðin eftir hugmyndinni „sjávarþorp upp á gamla mátann“
- Víngerð var ein hugmynd sem nefnd var.
- Setja upp vindmyllur og sólarrafhlöður til að búa til rafmagn, gera eyjuna meira sjálfbæra.
- Fram kom hugmynd um að stofna þróunarfélag sem leitar uppi tækifæri fyrir samfélagið.

Byggðaðpróun

- Sumarhúsabyggð á skilgreinu frístundasvæði en ekki í þorpínu.
 - lækka lóðaverð á því svæði.

Mikilvægt er að efla atvinnu í Hrísey því fjölbreytt atvinnulíf er undirstaða byggðaðpróunar

Byggðaðpróun

Helstu skoðanir manna um byggðaðpróun tengdust því hvernig byggðin í Hrísey mun þróast í framtíðinni, sem íbúabyggð og orlofs- og sumarhúsahúsabyggð þar sem hagsmuna allra er gætt. Nefnt var að mikilvægt væri að orlofs- og sumarhúsabyggðin byggðist á því svæði á austurhluta eyjarinnar sem í dag er skilgreint sem frístundabyggð, en ekki í miðju þorpínu. Til að hvetja til frekari uppbyggingar á austurhluta eyjarinnar kom fram hugmynd um að lækka lóðaverð á því svæði, til að snúa þeirri þróun við að fjöldi íbúðarhúsa í þorpínu séu notuð sem sumar- eða orlofshús.

Mikilvægt er að efla atvinnu í Hrísey því fjölbreytt atvinnulíf er undirstaða byggðaðpróunar.

Með aukinni atvinnu geta fleiri haft fasta búsetu í eyjunni og þar með eflist verslun og notkun á þjónustu.

Ferðapjónusta og afþreying

Markaðsetja eyjuna betur

- Heimasíðan verði lifandi síða með nauðsynlegum upplýsingum.
- Bæta merkingar innan eyjarinnar.
- Fjölga gistimöguleikum
- Íþróttamiðstöðin betur nýtt, t.d. fyrir ráðstefnur.

Ítrekað kom fram sú skoðun fólks að leggja eigi áherslu á að markaðsetja sérstöðu eyjarinnar, ásýnd hennar og hreinleika, sem samræmist vel niðurstöðum um grunnildi. Notkun samfélagsmiðla var nefnd í þessu samhengi en einnig að mikilvægt væri að viðhalda vefsíðu Ferðamálafélagsins hrisey.net, sem öflugri vefsíðu með nauðsynlegum og nytsamlegum upplýsingum fyrir gesti og íbúa eyjarinnar. Fram kom að bæta mætti merkingar innan eyjarinnar en nefnt var að endurvinna mætti upplýsingaskiltin á gönguleiðinni og jafnvel fjölga þeim.

Einnig komu fram vilji fyrir því að byggja upp sumarhús og/eða smáhýsi til útleigu sem og að skipulögð yrði byggð vistvænna orlofshúsa í Hrísey. Hugmyndir voru um hvernig nýta mætti íþróttamiðstöðina betur.

Þjónusta við ferðafólk

- Haf og heilsa – tvinna nálægðina við hafið saman við heilsueflandi ferðaðjónustu.
- Skipulagðar útivistarferðir með leiðsögn.
- Fuglasafn, fuglagarð, rjúpnasetur.
- Fjölbreytt afþreying

Leggja mætti áherslu á rólegheitin og tímaleysið sem svo auðvelt er að upplifa í Hrísey. Með heilsutengdri ferðaðjónustu í Hrísey væri hægt að vinna með andleg og líkamleg málefni. Hvað andlegu hliðina snertir nefna nokkrir slökunarnámskeið, jóganámskeið ásamt því að nefna "*haf og heilsa*", sem er áhugavert nafn þar sem hægt væri að tvinna nálægðina við hafið saman við uppbyggingu á heilsu.

Lögð var áhersla á að skipuleggja gönguferðir með leiðsögn um eyjuna bæði að vetrarlagi og á sumrin. Snjósleðaferðir, gönguskíðaferðir og norðurljósaferðir, eru mögulegar á veturna og mætti bjóða upp á þannig ferðir undir leiðsögn. Hugmyndir um að bjóða upp á bátsferðir og veiði.

Á málþinginu komu fram ýmsir punktar um fugla og náttúru. Hugmynd kom fram um fuglasafn eða fuglagarð þar sem rjúpan fengi sérstakt pláss og kynningu, jafnvel rjúpnasetur.

Sjávarþorpið Hrísey

- Fjölskylduhelgar – frítt í ferjuna.
- Traktora sýning.
- Hrísey – jólaeyja.
- Húsið hennar ömmu í Holti.
- Fjölga listviðburðum.

Á málþinginu komu fram margar skemmtilegar hugmyndir um fjölskylduafþreyingu sem auðvelt er að hrinda í framkvæmd og hægt væri að markaðssetja sem *Sjávarþorpið Hrísey*. Boðið væri upp á fjölskylduhelgar þar sem jafnvel væri frítt í ferjuna.

Traktorar eru ákveðin sérstaða Hríseyjar og sú menning sem hefur skapast í kringum þá. Hugmynd var um að hana mætti efla til dæmis með sýningum og útleigu.

Fram kom hugmynd um að hægt væri að gera Hrísey að jólabæ og ef til vill tengja það kirkjunni og aðventunni á einhvern hátt.

Sú hugmynd kom fram að það mæti breyta Holti í *Húsið hennar ömmu* og bjóða upp á heimalagað bakkesli og fleira.

Fjölga mætti árlegum viðburðum í Hrísey, svo sem leiksýningar, tónlist, myndlist, ritlist og dans.

Þjónusta við íbúa, heilbrigðis-,
samgöngu- og umhverfismál.

Þjónusta við íbúa

- Hlúa að allri grunnþjónustu sem þarf í nútíma samfélagi.
- Kortleggja þá þjónustu sem við höfum og kanna þörf og/eða áhuga eyjaskeggja á frekari þjónustu.
- Velferðarmál:
 - fá lækni aftur reglulega
 - fá lyfjaafgreiðslu
 - sjúkraflutningar

Þjónusta við íbúa og velferðarþjónusta

Í tengslum við þjónustu var talað um að hlúa að allri grunnþjónustu sem þarf í nútíma samfélagi. Þá var rætt um að kortleggja þá þjónustu sem við höfum í Hrísey og kanna þörf og/eða áhuga eyjaskeggja á frekari þjónustu.

Rætt var um betra aðgengi að stjórnsýslu og í því samhengi að kynna mætti Hverfisráðið betur sem millilið íbúa við Akureyrarbæ.

Velferðarmál voru mikið rædd og mikil krafa var um að fá lækni aftur reglulega í Hrísey og að komið verði á fót samstarfi við apótek. Efla þyrfti þjónustu við aldraða til dæmis að þeir gætu keypt sér máltíðir á niðurgreiddu verði, stundað skipulagða heilsurækt undir leiðsögn þjálfara og að heimilishjálp yrði aftur kynnt fyrir eldri borgurum.

Tryggja þarf örugga sjúkraflutninga.

Menntun

- Hríseyjarskóli er góður skóli og þar er jákvæður skólabragur.
 - Skólinn mætti starfa betur sem ein heild.
 - Nefnt var að skólinn mætti efla tengingu við nærsamfélagið og vera sýnilegri.
- Væri hægt að bjóða eldri borgurum Hríseyjar að borða í mötuneyti Hríseyjarskóla?
- Væri hægt að bjóða upp á fjarnám á framhaldsskólastigi eða efla almennings-samgöngur þannig að unglingar búið lengur heima.

Menntun

Fram kom að Hríseyjarskóli væri góður skóli og að þar sé jákvæður skólabragur, þar sem hver einstaklingur fær að njóta sín. Skólinn mætti nýta sér fámennið betur, starfa sem ein heild (grunn- og leikskóli) og tvinnast betur inn í nærsamfélagið.

Það kom fram hugmynd um hvort bjóða mætti eldri borgurum Hríseyjar að borða í mötuneyti Hríseyjarskóla.

Nefnt var hvort bjóða mætti upp á aðstöðu fyrir fjarnema þannig að hægt væri að stunda framhaldsskólanám að einhverju leiti í heimabyggð.

Auka mætti þjónustu við íbúa með því að bjóða upp fleiri námskeið fyrir fullorðna t.d. í tölvunám, þar sem kennt yrði á grunnatriði í tengslum við tövlur.

Hríseyjarskóli - grænfánaskóli

- Alþjóðleg viðurkenning.
- Landvernd tók út starfið sem hefur fram í skólanum í grænfánaverkefninu.
- Skólinn er fyrirmynd fyrir aðra skóla.
- Ættum að vera sýnilegri og miðla því starfi sem við erum að gera í umhverfismálum till annarra.

Hríseyjarskóli er Grænfánaskóli sem er alþjóðleg umhverfisviðurkenning á vegum Landverndar. Skólinn fær fánan afhentan í 5 sinn í vor. Miðvikudaginn, 19. mars, komu til okkar fulltrúar frá Landvernd til að taka út starfið í skólanum. Það var álit þeirra að skólinn væri til fyrirmyndar í umhverfismálum og ætti að vera öflugri í að koma á framfæri því starfi sem unnið er í skólanum á sviði umhverfismála.

Umhverfismál

- Byggja í kringum gáma- og grenndarstöðvar í Hrísey líkt og gert hefur verið á Akureyri.
- Byggja upp *Hátíðarsvæðið*
- Gera aðkomu að eyjunni betri / ferjusvæðið
- Fá moltugerð í gang aftur og vera til fyrirmyndar í endurnýtingu og sjálfbærni.
- Reyna að hefta frekari útbreiðslu lúpínu, kerfils og hvannar og ábendingar komu fram um að Akureyrarbær þyrfti að byrja fyrr á sumrin að slá kerfil en nú er gert.

Umhverfismál

Varðandi sorpmál þá var mikil krafa um að byggt yrði í kringum gáma- og grenndarstöðvar í Hrísey líkt og gert hefur verið á Akureyri og staðsetning þeirra athuguð. Einnig þarf að gera aðkomu að Sandshorni (ofan ferjubryggju) fallettri og byggja upp *Hátíðarsvæðið* okkar með það í huga að gera það snyrtilegt til áningar. Þá kom ítrekað fram að fjarlægja þyrfti ónýtt ökutæki við höfnina og gera bílastæði þar snyrtilegri.

Talað var um að fá moltugerðina aftur í gang í Hrísey og að Hríseyingar yrðu öðrum til fyrirmyndar í endurnýtingu og sjálfbærni. Minnst var á að umhverfið í kringum stofnanir Akureyrarbæjar yrði öðrum til fyrirmyndar.

Hefta þarf frekari útbreiðslu lúpínu, kerfils og hvannar og ábendingar komu fram um að Akureyrarbær þyrfti að byrja fyrr á sumrin að slá

kerfil en nú er gert. Einnig var rætt um mikilvægi þess að grisja skóginn við aðal-gönguleiðina upp á ey og gera hana færa fyrir einstaklinga með hreyfihömlun, fólk með barnavagna o.s.frv.

Samgöngur

- **Innan Hríseyjar:**
 - draga úr bílaumferð og umferðahraða
 - bjóða upp á þjónustubíl í tengslum við ferjuna
- **Í landi:**
 - tenging við almenningssamgöngur
 - merkja betur Hrísey við þjóðveg 1 (Dalvíkurafleggjarann) og við afleggjara af Ólafsfjarðarvegi að Árskógsströnd, til að auðvelda ferðamönnum að rata til Hríseyjar.
 - biðskýli með salerni fyrir farþega

Samgöngur innan Hríseyjar

Margar hugmyndir komu fram um það hvernig hægt væri að draga úr bílaumferð og umferðahraða, með því t.d. að breyta öllum götum í Hrísey í vistgötur og setja upp hraðahindranir.

Rætt var um að gera þyrfti samgöngur innan Hríseyjar vistvænni til dæmis með notkun rafmagnsskutla eða -bíla og bjóða upp á þjónustubíl í tengslum við ferjuna.

Samgöngur í landi

Töluvert var rætt um samgöngur í tengslum við áætlun Hríseyjarferjunnar Sævars og tengingu við áætlunarbíla. Í dag er staðan þannig að engin rúta frá Strætó fer niður á Árskógsand heldur stoppar hún á afleggjaranum við Ólafsfjarðarveg og eru um 2 kílómetrar í ferjuna. Það er álit manna að til að efla búsetuskilyrði og ferðaþjónustu í eyjunni sé mikil þörf á að bæta þessar almenningssamgöngur. Í þessu

samhengi komu fram athugasemdir um að bjóða upp á samræmdar ferðir a.m.k. tvisvar á dag, morgun og seinni part þannig að auðveldara sé að fara í land til dæmis í vinnu, skóla og tómstundir.

Einnig var nefnt að merkja þurfi betur Hrísey við Þjóðveg 1 (Dalvíkurafleggjarann) og sömuleiðis við afleggjara af Ólafsfjarðarvegi að Árskógsströnd, til að auðvelda ferðamönnum að rata til Hríseyjar.

Margir nefndu að það skorti viðunandi aðstöðu fyrir farþega við höfnina, biðskýli með salerni sem verndar farþega og farangur þeirra fyrir vindi og úrkomu.

Samgöngur Hríseyjarferjan Sævar

- Kynna hve miklar og góðar samgöngur milli lands og Hríseyjar eru og að við búum ekki við mikla einangrun.
- Einfalda ferjuáætlunina, hafa ferð kl:16 annað hvort frá september - desember eða janúar - maí.
- Gjaldskrá:
 - tryggja að áfram verði frítt fyrir heimamenn
 - frítt fyrir alla
 - lækka fargjaldið
 - koma til móts við sumarhúsaeigendur í Hrísey
 - ýmis afsláttakjör fyrir hópa
 - minni ferjukort aftur (15 miða kort en ekki 30 miða)
 - óánægja með upphringiferðir

Samgöngur milli lands og eyjar

Miklar umræður voru um ferjuna bæði á málþinginu og í könnuninni og voru helstu málefni áætlun og verðskrá ferjunnar. Jafnframt kom fram að einhvernvegin þurfi að koma því betur að hjá fólki hvað það eru miklar og góðar samgöngur milli lands og Hríseyjar og að íbúar Hríseyjar búi ekki við eins mikla einangrun og margir halda. Slík umfjöllun gæti opnað augu margra fyrir Hrísey sem búsetukosti, en ekki síður efla ferðamannastrauminn.

Best væri að hafa eina áætlun allt árið. Ef ekki er unnt að verða við því, var nefnt að hentugra væri ef vetraráætlun yrði annað hvort frá september til desember eða frá janúar til maí en ekki frá nóvember til mars eins og þetta er núna. Það myndi auðvelda þeim sem sækja sér menntun, vinnu eða félagsstörf í land.

Varðandi verðskrá kom fram að það sé frábært að heimamenn skuli fá frítt í ferjuna og tryggja þurfi að þannig verði það áfram. Margar tillögur komu fram að breyttri verðskrá meðal annars að hafa frítt fyrir alla, lækka fjargjaldið, koma til móts til sumarhúsaeigendur í Hrísey, hafa ýmis afsláttakjör fyrir hópa og að hægt verði að kaupa minni ferjukort. Þá var spurt hvort nauðsynlegt sé að innheimta aukagjald fyrir upphringiferðir, þó svo að panta þurfi þær sérstaklega.

Könnunin

Könnunin


- Netkönnun var sett af stað 3. september
- Könnunina var deilt á hrisey.net og á Facebook síðu Ferðamálafélagsins, einnig var hægt að nálgast útprentuð eintök í Júllabúð
- Þátttakendur voru 146
- Í fyrsta hluta könnunarinnar voru almennar spurningar um kyn, aldur og búsetu.

Eitt af fyrstu verkefnum hópsins var að setja af stað netkönnun, en hún fór í loftið 3. september.

Könnunina var deilt á hrisey.net og á Facebook síðu Ferðamálafélagsins, einnig var hægt að nálgast útprentuð eintök í Júllabúð. Þátttakendur voru 146


Í fyrsta hluta könnunarinnar voru almennar spurningar um kyn, aldur og búsetu.

Kynjahlutfall þátttakenda




Hér sjáum við kynjahlutfall þátttakenda en konur voru 56% og karlar 44%

Aldur þátttakenda




Hér má sjá aldursdreifingu þátttakenda, flestir voru á aldrinum 40-49 ára

Búseta þáttakenda



Spurt var um búsetu þáttakenda og voru flestir búsettir á Norðurlandi, þó ekki í Hrísey, eða rúm 33%
32% voru af höfuðborgarsvæðinu og 26% bjuggu í Hrísey.


Hlutfall barnafólks



Þátttakendur voru spurðir hvort þeir ættu börn og áttu um 86% börn.

Að búa í Hrísey

Gætir þú hugsað þér að búa í Hrísey? - svör þeirra sem ekki búa í Hrísey nú þegar




Í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvort þeir gætu hugsað sér að búa í Hrísey og ef ekki, þá af hverju.

Hér má sjá svör þeirra sem ekki búa í Hrísey við spurningunni hvort þeir gætu hugsað sér að búa í Hrísey.

Alls voru 62 einstaklingar sem bjuggu annarsstaðar en í Hrísey sem svöruðu því játandi að þeir gætu hugsað sér að búa hér. Þetta þóttu okkur jákvæðar tölur og ákváðum við að vinna frekar með svör þeirra.


Börn þeirra sem gætu hugsað sér að búa í Hrísey

Gætir þú hugsað þér á búa í Hrísey? (Já)
- Áttu börn?



Af þeim 62 sem svöruðu því játandi að þeir gætu hugsað sér að búa í Hrísey eru 52 sem eiga börn. Einnig var spurt hve mörg þeirra væru undir 16 ára aldri og kom í ljós að af þessum 62 voru 33 sem áttu börn undir 16 ára aldri og samanlagt voru það 57 börn. Þess má geta að mögulega eru þarna einhver börn tvítalin ef t.d. hjón hafa svarað könnuninni, það breytir því ekki að þó við myndum bara fá helminginn af þessum börnum myndi fjöldi nemenda í Hríseyjarskóla tvöfaldast, þá myndi starfshlutfall aukast og boltinn fljótt fara að rúlla.

Atvinna þeirra sem gætu hugsað sér að búa í Hrísey



Svör við spurningunni “Við hvaða atvinnugrein starfar þú” hjá þeim sem svöruðu því játandi að þeir gætu hugsað sér að búa í Hrísey. Í umræðu um atvinnumál í Hrísey er gagnlegt að vita af því að hér höfum við upplýsingar um við hvaða atvinnugrein þessir 62 einstaklingar sem svöruðu könnuninni starfa.

Hvað telur þú að hægt væri að gera til þess að fleiri kjósi að flytja til Hríseyjar?

- Tryggja atvinnu og húsnæði.
- Efla ferðaþjónustu og atvinnu í tengslum við hana.
- Byggja á sérstöðu Hríseyjar.
- Markaðssetja eyjuna betur sem búsetukost.
- Efla upplýsingagjöf á heimasíðu Ferðamálafélagsins.
- Fá lækni aftur reglulega.

Langflest svörin tengdust atvinnu- og húsnæðismálum, ásamt nauðsyn þess að markaðssetja Hrísey betur sem góðan búsetukost. Varðandi atvinnumálin kom fram mikilvægi þess að hafa fjölbreytta atvinnumöguleika. Bent var á þann möguleika hversu heppileg fjarvinna sé fyrir Hrísey, þar sem hægt er að sinna hinum ýmsu störfum án tilliti til landfræðilegrar staðsetningar. Mikil áhersla var einnig á að efla ferðaþjónustuna og

atvinnu í tengslum við hana og byggja á þeirri sérstöðu sem eyjan hefur svo sem tengsl við náttúru, fámenni og kyrrð.

Margir bentu á mikilvægi þess að kynna og markaðssetja Hrísey betur sem búsetukost, til þess að gefa fólki góða mynd af því hversu gott og einstakt það er að búa í Hrísey og ala upp börn hér. Með góðri upplýsingagjöf á heimasíðu Ferðamálafélagsins mætti auðvelda fólki að kynna sér þau lífsins gæði og sérstöðu sem íbúar Hríseyjar búa við.

Í atvinnuauglýsingum, mætti nota tækifærið og kynna Hrísey sem góðan búsetukost. Þá var nefnt mikilvægi þess að fá lækni reglulega til Hríseyjar.

Svör þeirra sem ekki gætu hugsað sér að búa í Hrísey

- Samgöngur ekki nógu góðar
 - Mikið mál að fara í land eftir þjónustu
 - Mikil einangrun
- Slæmt veðurfar
- Skortur á atvinnu
- Fámenni
- Lítið félagslíf
- Slæm heilbrigðisþjónusta
- Engar ípróttæfingar fyrir börn


Flestir sem svöruðu því til að þeir gætu ekki hugsað sér að búa í Hrísey, svöruðu á þá leið að samgöngur væru ekki nógu góðar og að mikið mál væri að fara í land eftir þjónustu og því einangrunin mikil. Aðrir nefndu slæmt veðurfar, skort á atvinnu, fámenni, lítið félagslíf og slæma heilbrigðisþjónustu helstu ástæðu þess að þeir geti ekki hugsað sér að búa í Hrísey. Einnig kom fram í einu svari að engar ípróttæfingar væru fyrir börn.

Þessar staðhæfingar benda til þess að sumir hafi ranghugmyndir um hvernig það er að búa í Hrísey og er það verkefni framtíðarinnar að koma því betur til skila hvernig það er í raun að búa hér. Sem dæmi má nefna að Ungmennafélagið Narfi

stendur fyrir íþróttaskóla fyrir leikskólabörn og fótbolta- og frjálsíþróttæfingum fyrir börn á grunnskólaaldri yfir vetrartímann og býður upp á íþróttaskóla á sumrin.

Þjónusta

Hversu mikilvæg finnst þér eftirtalin þjónusta vera fyrir búsetuskilyrði í Hrísey:
(hlutfall þeirra sem sögðu mikilvægt/mjög mikilvægt)



Í könnuninni voru þátttakendur beðnir um að svara hversu mikilvæg ýmis þjónusta þeim þætti vera fyrir búsetuskilyrði í Hrísey.

Svarmöguleikar voru á bilinu 1-5 þar sem 1 merkti *ekki mikilvægt* og 5 *mjög mikilvægt*.

Af þessu má sjá að flestir telja grunnstoðir samfélagsins vera grunnskóli, leikskóli, sundlaug, íþróttahús og verslun, en hinir þættirnir sem spurðir voru um koma svo fast á eftir.

Vinna hópsins

Vinna hópsins

- Úrvinnsla málþings
- Skýrslan
- Bréfin
- Fundir
 - Íþróttamiðstöð
 - Hríseyjarskóli
 - Fundur með bæjarstjóra, byggðastofnun, AFE...
 - Fundur með bæjarstjóra 13. mars
- Könnun um Íþróttamiðstöðina
- Kynning á hverfisráðsfundi
- Unnið að ýmsum málefnum

Vinna við úrvinnslu gagna eftir málþingið reyndist mun viðameiri en við sem stóðum að hópnum höfðum gert okkur grein fyrir. Sú vinna hefur verið gefandi og skemmtileg og við erum öll sem eitt stolt af árangrinum.

Hér á eftir gefst fundargestum færi á að spjalla við fulltrúa úr hópnum hér til hliðar. Þar munum við hafa eintak til sýnis af skýrslunni og bréfunum sem send hafa verið.

Framhaldið

- Fylgja eftir málum við höfum farið af stað með s.s. bréfum og könnunum.
- Framtíðaruppbygging í Hrísey er á ábyrgð okkar sem hér búum
- Framundan eru mörg tækifæri og það er okkar allra að grípa þau í sameiningu.

Framhald þessa hóps er að fylgja eftir þeim málum sem við höfum farið af stað með, til að mynda þau bréf sem hafa verið send.

Eftir að hafa skoðað þessi mál þetta djúpt erum við sannfærðari en áður um að hér sé hægt að byggja upp til framtíðar á ábyrgan og skynsamlegan hátt. Sú uppbygging sem fara þarf í verður aldrei á ábyrgð áhugahópsins sem slíks. Framtíðaruppbygging hér í Hrísey mun

alltaf verða á ábyrgð þeirra einstaklinga sem að hér búa og biðin eftir því að eitthvað gerist mun aldrei stytast sé fólk ekki reiðubúið til að leggja hönd á plóg.

Sú samstaða sem einkennir Hríseyinga er sterkasta vopn okkar til framtíðar. Mætum öll á þá fundi sem varða okkar framtíð og styðjum hvort við annað í þeirri uppbyggingu sem framundan er því samfélag er byggt upp á þeim einstaklingum sem í því búa.

Framundan eru mörg tækifæri og það er okkar allra að grípa þau í sameiningu.

Atvinnu- og nýsköpunarhelgin á Akureyri

- Um næstu helgi verður Atvinnu- og nýsköpunarhelgin haldin á Akureyri, 28.-30. mars
- Hvetjum við áhugasama til að kynna sér helgina á ana.is og skrá sig

Um næstu helgi verður Atvinnu- og nýsköpunarhelgin haldin á Akureyri, frá föstudegi til sunnudags.

Stefna hugbúnaðarhús er einn af aðalstyrktaraðilum helgarinnar, en eins og áður kom fram, þá er Stefna með starfsstöð hér í Hrísey. Matthías Rögnvaldsson, framkvæmdastjóri Stefnu og einn af upphafsmönnum Atvinnu- og nýsköpunarhelgarinnar bað fyrir góðri kveðju en hann ætlaði að koma á fundinn síðsta fimmtudag, en komst ekki í dag.

Hvetjum við áhugasama til að kynna sér helgina á ana.is og skrá sig.